


Ársskýrsla

Félags forstöðumanna ríkisstofnana

2025-2026



Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana 2025-2026

Röð frá vinstri: Áslaug Ásgeirsdóttir, Sigríður Kristinsdóttir, Hildur Ragnars, Ágúst Hjörtur Ingþórsson, Magnús Ingvason og Marín Guðrún Hrafnisdóttir. Á myndina vantar Örn Hrafnkelsson.

Inngangur

Ársskýrsla Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) veitir yfirlit yfir helstu verkefni og megináherslur á starfsárinu maí 2025 til og með apríl 2026. Nánari upplýsingar um starfsemina er einnig að finna á vefsíðu félagsins og í fundargerðum stjórnarfunda. Félagsmönnum heldur áfram að fækka á milli ára samhliða fækkun stofnana ríkisins og fyrirséð að sú þróun heldur áfram. Starfsárið 2025-2026 voru félagsmenn 125 talsins, 74 konur og 51 karl.

Ársskýrslunni er skipt í eftirfarandi kafla:

- 1) Aðalfundur 9. maí 2025
- 2) Störf stjórnar starfsárið 2025-2026
 - a) Áherslumál stjórnar starfsárið 2025-2026
 - b) Samráðsfundir FFR og SKAM
 - c) Dómur Hæstaréttar í máli nr. 39/2025
 - d) Endurmat á grunnmati forstöðumanna
 - e) Endurskoðun starfsreglna stjórnar
 - f) Könnun á líðan og starfsumhverfi forstöðumanna
 - g) Launaþróun forstöðumanna
 - h) Skýrsla starfshóps forsætisráðherra um embættismenn
 - i) Fyrirhugaðar breytingar á starfsmannalögum
 - j) Umsögn FFR um stöðumat og valkosti um stefnu ríkisins í mannauðsmálum
 - k) Tilnefning fulltrúa FFR í stjórn Starfsmenntunarsjóðs embættismanna
 - l) Kynning á félaginu hjá Skólameistarafélagi Íslands
 - m) Álitsgerðir dr. Hafsteins Dan Kristjánssonar, prófessors við Lagadeild HR um réttarstöðu forstöðumanna ríkisstofnana
 - n) Starfshópur fjármála- og efnahagsráðherra um launafyrirkomulag forstöðumanna
 - o) Öryggismál stofnana og forstöðumanna
 - p) Önnur verkefni
- 3) Félagsstarfið
 - a) Heimsóknir til stofnana
 - b) Félags- og fræðslufundir
 - c) Samstarf FFR og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ
- 4) Skrifstofa félagsins
- 5) Lokaorð

1. Aðalfundur 9. maí 2025

Þann 9. maí 2025 hélt FFR aðalfund sinn í Norræna húsinu í Reykjavík auk þess sem honum var streymt.

Sigríður Kristinsdóttir, sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu, var kosin formaður félagsins. Í stjórn voru jafnframt kosin til tveggja ára þau þau Áslaug Ásgeirsdóttir, rektor Háskólans á Akureyri, Marín Guðrún Hrafnisdóttir, forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands og Örn Hrafnkelsson, landsbókavörður.

Þá sátu þau Ágúst Hjörtur Ingþórsson, forstöðumaður Rannís, Hildur Ragnars, forstjóri Þjóðskrár og Magnús Ingvason, skólameistari Fjölbrautaskólans við Ármúla, áfram í stjórninni í samræmi við 6. gr. laga félagsins.

Á aðalfundinum voru þau Ástríður Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Landskjörstjórnar, Kristján Sverrisson, forstjóri Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands og Salvör Nordal, umboðsmaður barna, kjörin í kjörnefnd félagsins.

Á fyrsta stjórnarfundum nýrrar stjórnar þann 26. maí 2025 skiptu meðstjórnendur með sér verkum þar sem samþykkt var að Ágúst yrði varaformaður, Marín gjaldkeri og Hildur ritari.

2. Störf stjórnar starfsárið 2024-2025

Stjórn fundaði að jafnaði mánaðarlega á starfsárinu en tekið var sumarhlé í júlí og ágúst 2025. Stjórn hélt alls tíu formlega stjórnarfundum á starfsárinu og má finna fundargerðir á vefsíðu félagsins. Flestir fundanna, eða níu talsins, fóru fram bæði á teams og á skrifstofu félagsins og einn einungis á teams.

Sigríður, Ágúst, Magnús og Anna, framkvæmdastjóri félagsins, sátu jafnframt mánaðarlega samráðsfundi með fulltrúum skrifstofu kjara- og mannauðsmála í fjármála- og efnahagsráðuneyti (SKAM).

Hér á eftir verður helstu verkefnum stjórnar lýst stuttlega.

- a) **Áherslumál stjórnar starfsárið 2024-2025.** Stjórn FFR fjallaði um áherslumál fyrir starfsárið á fundum á liðnu hausti og má finna yfirlit yfir

þau á vefsíðu félagsins. Sem fyrr taka þau mið af tilgangi félagsins samkvæmt lögum þess og varða félagsstarfið og fræðslufundi, starfsumhverfi og kjaramál, ásamt stuðningi við forstöðumenn, svo fátt eitt sé nefnt. Af ýmsu er að taka en nefna má gerð könnunar á líðan og starfsumhverfi forstöðumanna, skoðun á launaþróun forstöðumanna og að forstöðumönnum verði tryggð aðkoma að vinnu við breytingar á stofnankerfi ríkisins.

- b) Samráðsfundir FFR og SKAM.** Mánaðarlegir samráðsfundir FFR og SKAM eru að jafnaði haldnir í kjölfar stjórnarfunda. Á þessum fundum gefst tækifæri til þess að skiptast á skoðunum og upplýsingum og koma á framfæri hverju því sem komið getur að gagni til að styrkja og skýra stöðu forstöðumanna. Afar margt hefur borið á góma á liðnu starfsári. Má þar sem dæmi nefna skipunartíma forstöðumanna, starfsöryggi og biðlaun. Verklag og samskipti ráðuneyta og forstöðumanns þegar líður að lokum fimm ára skipunartíma hefur oft borið á góma og hefur FFR kallað eftir því að mótað verði skýrt verklag í þeim efnum í samræmi við Stjórnendastefnu ríkisins og aðgerðaáætlun um innleiðingu hennar. Umræða um vandaðan undirbúning við sameiningu stofnana hefur verið fyrirferðarmikil og er handbók um sameiningu stofnana nú til endurskoðunar í ráðuneytinu. Á liðnum vetri var könnun á líðan og starfsumhverfi nokkuð oft á dagskrá enda lagt upp með að um samstarfsverkefni FFR og SKAM væri að ræða. Þá var fræðsludagskrá haustsins, framkvæmd stjórnendamats og öryggismál stofnana og forstöðumanna einnig til umræðu, að ógleymdum umræðum um launaþróun og viðmið við ákvörðun launahækkana forstöðumanna. Launafyrirkomulagið sem og dráttur á afgreiðslu beiðna um endurmat á grunnmati og ákvörðun grunnmats starfa forstöðumanna nýrra/sameinaðara stofnana var einnig nokkuð oft á dagskrá, sjá nánar undir lið d) bls. 5 hér á eftir.
- c) Dómur Hæstaréttar í máli nr. 39/2025.** Með dómi Hæstaréttar Íslands frá 22. apríl 2026 var viðurkenndur réttur forstöðumanna til rökstuðnings

fjármála- og efnahagsráðherra fyrir ákvörðun um starfskjör þeirra og til aðgangs að skriflegum gögnum er ákvörðunina varða.

Stjórn FFR fagnar því að endanleg niðurstaða hafi fengist í þetta mikilvæga mál og óvissu þar með eytt um eðli launaákvæðana forstöðumanna. Dómurinn tekur af allan vafa um að ákvæðanir fjármála- og efnahagsráðherra um laun forstöðumanna teljist til stjórnvaldsákvæðana og ber ráðherra því að fylgja stjórnslulögum við meðferð þeirra mála. Sá forstöðumaður sem gegnir starfinu hverju sinni telst því ótvírætt aðili máls þegar ákvörðun um laun hans er tekin og nýtur þar með þeirra réttinda sem stjórnslulög kveða á um, svo sem um rétt til aðgangs að gögnum og rökstuðnings fyrir ákvörðun.

- d) Endurmat á grunnmati starfa forstöðumanna.** Nokkur fjöldi forstöðumanna hefur í gegnum tíðina óskað eftir endurskoðun á grunnmati starfs vegna breytinga á starfsemi þeirrar stofnunar sem þeir stýra. Verkferlar og vinnulag við ákvörðun og endurmat á grunnmati starfa eru í nokkuð föstum skorðum núorðið en málsmeðferðartími er óhóflega langur. Eru dæmi um að tekið hafi meira en tvö ár að afgreiða erindi og hefur grunnmat starfa forstjóra nýrra sameinaðra stofnana umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytis ekki enn verið ákvarðað þrátt fyrir að hinar nýju stofnanir hafi verið stofnaðar annars vegar þann 1. júlí 2024 og hins vegar þann 1. janúar 2025. Telst það vart til fyrirmyndar að launakjör forstjóra nýrra stofnana liggi ekki fyrir þegar við stofnun þeirra, hvað þá tveimur árum síðar.

Í grunnmati starfa eru störf forstöðumanna metin út frá umfangi og kröfum um færni, ábyrgð og stjórnun. Stjórn FFR hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að allir þættir matskerfisins séu útskýrðir með haldbærum hætti og að enginn vafi leiki á því hvaða viðmið liggi til grundvallar hverjum þætti og hvert vægi þeirra er innbyrðis. Mikið skortir á í þeim efnum. Á það við um alla þættina en þó sérstaklega umfangspáttinn sem er afar óljós og óskilgreindur. Skýra þarf hvaða viðmið liggja til grundvallar mismunandi flokkun umfangs og hvaða vægi þau hafa. Nú

Þegar niðurstaða Hæstaréttar um eðli launaákvörðunar forstöðumanna liggur fyrir, sbr. lið c) hér að framan, verður að telja líklegt að fjármálaráðuneytið upplýsi forstöðumenn um viðmið og innbyrðis vægi allra framangreindra þátta. Einnig verður að telja líklegt að samhliða fari fram heildarskoðun á grunnmati allra forstöðumanna en slíku endurmati var aldrei að fullu lokið á árinu 2022 eins og til stóð, m.a. vegna framangreindra málaferla um eðli launaákvörðunarinnar. FFR mun fylgja þessu eftir á samráðsfundum með SKAM.

- e) **Endurskoðun starfsreglna stjórnar.** Í starfsreglum stjórnar segir að þær skuli endurskoðaðar á stjórnarfundi eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Stjórnin ákvað síðastliðið haust að yfirfara reglurnar. Á stjórnarfundi 2. febrúar síðastliðinn var samþykkt að hækka hámarksstyrk vegna stjórnarsýslumáls skv. gr. 7.5. og vegna dómsmáls skv. gr. 7.6. og var höfð hliðsjón af breytingum á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá því í maí 2024 til loka janúar 2026 við mat á þeirri hækkun. Jafnframt var ákveðið að breyta orðalagi gr. 7.5. til samræmis við orðalag gr. 7.6. Starfsreglurnar hafa verið kynntar fyrir félagsmönnum og birtar á vefsíðu.
- f) **Könnun á líðan og starfsumhverfi forstöðumanna.** Stjórn FFR hefur á liðnum vetri undirbúið könnun á líðan og starfsumhverfi forstöðumanna en slík könnun hefur ekki áður verið gerð. Markmið slíkrar könnunar er að afla upplýsinga í þeim tilgangi að styrkja starfsumhverfi forstöðumanna ríkisstofnana. Niðurstöður geta veitt mikilvægar upplýsingar um hug félagsmanna og þannig gera samtál félagsins við stjórnvöld markvissara. Könnunin var upphaflega hugsuð sem samstarfsverkefni FFR og fjármálaráðuneytis en þegar á reyndi ákvað ráðuneytið að taka ekki þátt í því. Stjórn FFR ákvað að fá Gallup til að annast gagnavinnslu könnunarinnar fyrir hönd félagsins. Spurningar byggðu á spurningum í Stofnun ársins ásamt viðbótarspurningum. Lögð var áhersla á trúnað og að svör væru órekjanleg til svarenda. Könnunin var send til félagsmanna miðvikudaginn 29. apríl síðastliðinn og var hún opin til miðnættis sunnudaginn 10. maí síðastliðinn. Niðurstöður könnunarinnar verða

kynntar fyrir félagsmönnum á málstofu sem haldin verður á undan aðalfundi félagsins 21. maí 2026.

g) Launaþróun forstöðumanna. Stjórn félagsins ákvað síðastliðið haust að leita til Benedikts Jóhannessonar hjá Talnakönnun hf. til þess að skoða og leggja mat á launaþróun forstöðumanna í samanburði við viðmiðunarhópa líkt og hann gerði fyrir félagið undir lok árs 2022. Benedikt kom á stjórnarfund og kynnti niðurstöður skýrslunnar sem staðfesta að launaþróun forstöðumanna hefur ekki verið þeim hagstæð í samanburði við helstu samanburðarhópa og að kaupmáttur launa forstöðumanna hafi minnkað á nokkurra ára tímabili. Skýrslan var send með tölvupósti til félagsmanna og Benedikt kynnti helstu niðurstöður fyrir félagsmönnum á félagsfundum á teams 5. febrúar síðastliðinn. Skýrslan var jafnframt kynnt fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

h) Skýrsla starfshóps forsætisráðherra um embættismenn. Starfshópur um hlutverk og starfsskilyrði embættismanna sendi FFR drög að skýrslu og tillögum til umsagnar í fyrrasumar. Félagsmenn voru upplýstir um framkomin drög og helstu tillögur. Félagsmenn sem þess óskuðu fengu skýrsludrögin til skoðunar og höfðu þannig tækifæri til þess að koma á framfæri athugasemdum á framfæri við starfshópinn.

Starfshópurinn skilaði forsætisráðherra endanlegri skýrslu í lok október á síðasta ári. Starfshópurinn leggur fram margvíslegar tillögur í skýrslunni svo sem um nánari afmörkun hóps embættismanna og hlutverk þeirra. Einnig má nefna tillögu um að skipunartími embættismanna verði lengdur úr fimm í sjö ár, að þeim tíma liðnum verði embætti auglýst og að kveðið verði á um hámarkstíma í sama embætti sem verði 14 ár. Þá eru í skýrslunni tillögur sem eru til þess fallnar að að styrkja valferli embættismanna með ýmsum hætti. Má þar nefna tillögu um að lögfestur verði möguleiki á því að óska nafnleyndar í umsóknarferli, heimildir til flutnings milli embætta verði gerður skýrari og að ráðherra fari ekki lengur einn með val á ráðgefandi hæfnisnefndum. Þá má nefna tillögu um að ráðgjöf og samræming um málefni embættismanna verði falin miðlægri

skrifstofu eða einingu innan stjórnkerfisins. Skýrslan var birt í Samráðsgátt og óskað eftir viðbrögðum og ábendingum. Í umsögn FFR sagði að FFR teldi tillögur skýrslunnar gagnlegar og félagið væri tilbúið í frekara samtal við stjórnvöld um hvernig þær verði útfærðar. Sem lið í samráðsferli um skýrsluna stóð forsætisráðuneytið fyrir málþingi 11. nóvember síðastliðinn um skýrsluna og tillögurnar. Sigríður Kristinsdóttir, formaður FFR, tók þátt í pallborði á málþinginu.

- i) **Fyrirhugaðar breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 76/1996 (starfsmannalögum).** Í september síðastliðnum birtust í Samráðsgátt áform um frumvarp til laga um breytingu á starfsmannalögum. Meðal boðaðra breytinga var afnám áminningarskyldu opinberra starfsmanna og embættismanna. Í umsögn FFR var áformunum fagnað og hvatt til þess að lagabreytingar yrðu unnar í samráði við stéttarfélag opinberra starfsmanna þannig að góð sátt yrði um fyrirhugaðar breytingar. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á starfsmannalögum birtust síðan í Samráðsgátt í febrúar síðastliðnum. Í umsögn FFR um frumvarpsdrögin sagði m.a. að félagið hefði lengi kallað eftir breytingum á starfsmannalögum í því skyni að forstöðumenn gætu betur sinnt markvissri og faglegri mannauðsstjórnun. FFR teldi þó þörf á nánari skýringum og eftir atvikum samræmdum verklagsreglum um leiðbeinandi samtal eða tilmæli sem fjallað var um í greinargerð með frumvarpsdrögunum. FFR lagði jafnframt ríka áherslu á að samhliða fyrirhuguðum breytingum yrði faglegur stuðningur og ráðgjöf við stjórnendur ríkisins í mannauðsmálum eflður verulega og að markviss og reglubundin þjálfun og fræðsla á vegum Stjórnendaseturs ríkisins yrði fest í sessi. Frumvarp til laga um breytingar á starfsmannalögum var síðan lagt fram á Alþingi í marsmánuði. Í umsögn FFR um frumvarpið var m.a. lögð á það rík áhersla að samhliða afnámi áminningar fylgdu skýr viðmið og verklagsreglur til þess að tryggja samræmda framkvæmd í kjölfar breytinga.

Í apríl boðaði Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála í samstarfi FFR til morgunverðarfundar um afnám áminningarskyldunnar þar sem fjármála-

og efnahagsráðherra tók til máls. Formaður BHM og formaður FFR tóku einnig til máls og sátu í pallborði í lok fundar.

FFR hefur lengi kallað eftir breytingum á starfsmannalögum. Er skemmst að minnast málstofu um þörf á breytingum á starfsmannalögum fyrir réttu ári síðan, sjá umfjöllun í 3. kafla. Hvort frumvarpið verði að lögum kemur í ljós síðar í vor.

- j) Umsögn FFR um stöðumat og valkosti um stefnu ríkisins í mannauðsmálum.** Í maímánuði á liðnu ári kynnti fjármála- og efnahagsráðuneytið í Samráðsgátt stöðumat og valkosti um stefnu ríkisins í mannauðsmálum. Í umsögn FFR var því fagnað að nú styttist í heildstæða og skýra stefnu í mannauðsmálum ríkisins ásamt aðgerðaáætlun. FFR lagði í umsögninni sérstaka áherslu á að í stefnunni yrði kveðið á um sveigjanleika og svigrúm forstöðumanna í mannauðsmálum og að stuðningur við stjórnendur í mannauðsmálum yrði eflður verulega. Forstöðumenn verði að geta gengið að miðlægri og samræmdu ráðgjöf við úrlausn margvíslegra mannauðsmála sem upp komi í rekstri opinberra stofnana. Að endingu sagði í umsögninni að FFR væri tilbúið í ítarleg samtöl um útfærslu á þeim breytingum og úrbótum sem stefnan gæfi tilefni til að vænta í framtíðinni. Þeir aðilar sem sendu inn umsögn í Samráðsgátt voru í september boðaðir til fundar í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og fóru formaður og framkvæmdastjóri FFR á fundinn fyrir hönd félagsins. Stefna ríkisins í mannauðsmálum ásamt aðgerðaáætlun 2026-2029 var síðan gefin út í fyrsta skipti í byrjun október síðastliðnum og ber að fagna því.
- k) Tilnefning fulltrúa FFR í stjórn Starfsmenntunarsjóðs embættismanna.** Í stjórn Starfsmenntunarsjóðs embættismanna sitja þrír fulltrúar skipaðir af fjármála- og efnahagsráðherra, þar af einn samkvæmt tilnefningu FFR. Stjórn FFR tilnefndi Hildi Ragnars, forstjóra Þjóðskrár, sem fulltrúa FFR í stjórn sjóðsins og tekur hún við af Margræti Hauksdóttur, fyrrverandi forstöðumanni og formanni FFR sem hefur setið í stjórninni um langt skeið. Eru henni þökkud góð störf í stjórn sjóðsins.

- l) **Kynning á félaginu hjá Skólameistarafélagi Íslands.** Að beiðni Skólameistarafélags Íslands (SMÍ) fóru formaður og framkvæmdastjóri félagsins á fund SMÍ í nóvember á síðasta ári. Tilgangur fundarins var að kynna starfsemi FFR fyrir skólameisturum auk almennrar kynningar á starfsumhverfi og starfskjörum forstöðumanna ríkisins.
- m) **Álitsgerðir dr. Hafsteins Dan Kristjánssonar, prófessors við Lagadeild HR um réttarstöðu forstöðumanna ríkisstofnana.** Stjórn FFR sendi fjármála- og efnahagsráðuneyti ítarlegt bréf í lok mars í fyrra þar sem stjórnvöld voru hvött til þess að rýna efni álitsgerða Hafsteins Dan og í kjölfarið ráðast í vinnu við að skerpa á og skýra réttarstöðu forstöðumanna. Jafnframt var í bréfinu ítrekað mikilvægi samráðs við félagið í þeirri vinnu. Efni álitsgerðanna tók til launafyrirkomulags forstöðumanna, samnings- og félagafrelsi þeirra, auglýsingu embættis að skipunartíma liðnum og flutning embættismanna og tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna, þ.á m. forstöðumanna. Skemmst er frá því að segja að FFR hefur ekki borist formlegt svar við bréfinu en efni þess hefur verið rætt á samráðsfundum FFR og SKAM og mun það samtal halda áfram.
- n) **Starfshópur fjármála- og efnahagsráðherra um launafyrirkomulag forstöðumanna.** Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri FFR funduðu í júní síðastliðnum með formanni starfshóps fjármála- og efnahagsráðherra um launafyrirkomulag forstöðumanna þar sem hann kynnti tillögur hópsins. Á þeim tíma lá ekki fyrir hvenær skýrslunni yrði skilað til ráðherra og hún gerð opinber. Stjórninni er kunnugt um að starfshópurinn hefur lokið störfum en skýrslan hefur ekki verið gerð opinber enn sem komið er.
- o) **Öryggismál stofnana og forstöðumanna.** Félagið hefur um all langt skeið átt í samtali við SKAM um öryggismál forstöðumanna og þeirra stofnana sem þeir stýra. Fyrir liðlega ári síðan sendi stjórn FFR bréf til dómsmálaráðuneytis og óskaði eftir því að skoðun embættis ríkislögreglustjóra á öryggi æðstu embættismanna sem þá stóð yfir tæki einnig til forstöðumanna sem hóps stjórnenda hjá ríkinu. Svör hafa ekki borist en stjórn fylgir

erindinu eftir. Jafnframt er tilefni til þess að efna til almennrar umræðu við stjórnvöld um hvernig hægt sé að tryggja betur öryggi opinberra starfsmanna þ.m.t. forstöðumanna.

- p) **Önnur verkefni.** Á skrifstofu félagsins berast að jafnaði fjölmörg erindi og fyrirpurnir frá félagsmönnum, símleiðis og í tölvupósti, þar sem leitað er ráðlegginga, leiðbeininga og/eða aðstoðar vegna hagsmunamála af ýmsu tagi. Erindi þessi varða kjaramál, viðbótarlaun, endurmenntun, námsleyfi, aðdraganda starfsloka, samskipti við ráðuneyti, veikindarétt, orlofsrétt, lífeyrisréttindi, rétt til styrkja o.fl.

Félaginu berast reglulega erindi úr samráðsgátt stjórnvalda og frá nefndasviði Alþingis þar sem gefinn er kostur á að leggja fram umsögn um tiltekin mál. Stjórnin metur í hverju tilfalli hvort senda skuli umsögn og hefur verið greint frá því í samantektinni hér að framan.

3. Félagsstarfið

Einn megingilgangur FFR er að stuðla að fræðslustarfi meðal félagsmanna, efla og auka kynni og samskipti milli félagsmanna, ásamt því að stuðla að kynningu félagsmanna á stofnunum hvers annars.

Innan stjórnar fara stöðugt fram umræður um félagsstarfið og hvernig best megi hvetja félagsmenn til þátttöku og til umræðu um mikilvæg málefni sem mörg hver snerta starfsumhverfi forstöðumanna. Mikilvægt er að hvetja félagsmenn til þess að mæta á viðburði á vegum félagsins.

3.1. Heimsóknir til stofnana. Skipulagðar voru tvær heimsóknir til stofnana á liðnum vetri. Auk þess að fræðast um starfsemi annarra stofnana eru slíkar heimsóknir kjörinn vettvangur til þess að hitta aðra forstöðumenn, kynnast og efla tengslanetið. Er því ástæða til þess að hvetja félagsmenn til þess að fjölmenna í þessar heimsóknir í framtíðinni.

- a) **Heimsókn til Náttúrufræðistofnunar.** Forstjóri Náttúrufræðistofnunar, Eydís Líndal Finnbogadóttir, bauð félagsmönnum í heimsókn fimmtudaginn 20. nóvember síðastliðinn, í starfsstöð stofnunarinnar í Urriðaholtsstræti 6-8 í Garðabæ. Náttúrufræðistofnun tók til starfa 1. júlí 2024 en þá sameinuðust þrjár rótgrónar og sérhæfðar stofnanir; Náttúrufræðistofnun Íslands, Landmælingar Íslands og Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn. Í heimsókninni gafst tækifæri til þess að fræðast um starfsemi hinnar nýju stofnunar auk þess sem Eydís miðlaði til félagsmanna af reynslu sinni af sameiningarferlinu. Stjórn færir Eydísi bestu þakkir fyrir fróðlega heimsókn og glæsilegar móttökur.
- b) **Heimsókn til Veðurstofu Íslands.** Þriðjudaginn 3. mars síðastliðinn tók Hildigunnur H. H. Thorsteinsson, forstjóri Veðurstofu Íslands, á móti félagsmönnum. Í heimsókninni gafst félagsmönnum tækifæri til þess að kynna nánar starfsemi Veðurstofunnar, en stofnunin gegnir lykilhlutverki í að efla öryggi og áfallaþol samfélagsins með vöktun og viðvörunum vegna veðurs, jarðskjálfta, eldgosa, hlaupa, vatns- og ofanflóða. Stofnunin styður viðbrögð vegna náttúruvár og áhrifa loftslagsbreytinga með gagnasöfnun, varðveislu gagna, greiningu, rannsóknnum og miðlun. Stjórn færir Hildigunni bestu þakkir fyrir fróðlega heimsókn og glæsilegar móttökur.

3.2. Félags- og fræðslufundir.

- a) **Málstofa um starfsmannalögin og opinber störf.** Áður en hefðbundin aðalfundarstörf hófust þann 9. maí á síðasta ári var haldin málstofa um starfsmannalögin og opinber störf. Fyrirlesarar voru þau Helga Þórisdóttir, formaður FFR og forstjóri Persónuverndar og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, prófessor við viðskiptadeild HÍ sem vinnur að rannsókn á starfsmannalögunum.

Helga fjallaði í erindi sínu um gildi opinberra starfa, muninn á opinbera og almenna vinnumarkaðnum og jafnvægið sem æskilegt er að sé á milli þessara tveggja hópa.

Erindi Gylfa bar yfirskriftina *Starfsmannalögin, mannauðsstjórnun og vinnustaðamenning stofnana – er þörf á breytingum á starfsmannalögunum?* Í erindinu fjallaði hann um hvernig starfsmannalögin hafa þróast og breyst frá árinu 1954 og þá sérstaklega í kjölfar breytinga sem voru gerðar með núgildandi lögum nr. 70/1996, og þá áherslu sem fylgdi með í „Nýskipan í ríkisrekstri“ þar sem m.a. breytt starfsmannastefna ríkisins var forsenda þess að bæta rekstur ríkisins og ná fram aukinni hagkvæmni. Samhliða þessu fjallaði hann um hvernig starfsmanna- og mannauðsstjórnun hefur breyst hér á landi á þessum tímabili. Fram kom að þroskastig mannauðsstjórnunar hefur tekið miklum breytingum, ekki síst hjá hinu opinbera. Þá fjallaði hann um mælingar á vinnustaðamenningu og sagði frá rannsókn þar sem gerður var samanburður á vinnustaðamenningu stofnana og fyrirtækja.

Endað var á vinnustofu um hvaða þrjú atriði forstöðumenn telja mikilvægast að breyta í starfsmannalögunum. Fundarmönnum var skipt upp í hópa og kynnti hver hópur sínar niðurstöður sem voru nokkuð samhljóða. Meðal atriða sem breyta þyrfti að mati fundarmanna voru: Áminningar- og uppsagnarferli, nafnleynd umsókna og tímabundnar ráðningar. Þá nefndu allir hóparnir þörf á umræðu um veikindaréttinn, s.s. um endurnýjun veikindaréttarins. Umræður voru fjörugar og fundarmenn sammála um að tímabært sé að ráðast í breytingar á starfsmannalögum.

b) Fræðslufundir á vegum Stjórnendaseturs ríkisins í samstarfi við FFR og fleiri aðila. Síðastliðið haust voru haldnir alls fimm fræðslufundir fyrir alla forstöðumenn ríkisstofnana; tveir fundir í september, tveir í október og einn í nóvember. Skrifstofa kjara- og mannauðsmála í fjármála- og efnahagsráðuneytinu annaðist framkvæmd fundanna en dagskrá var mótuð í samvinnu við FFR, önnur ráðuneyti Stjórnarráðsins ofl. Markmið fundanna var að efla tengsl stjórnenda hjá ríkinu og styrkja þá í stjórnendahlutverki sínu. Dagskrá tók mið af kjörmynd í Stjórnendastefnu ríkisins og meðal þess sem fjallað var um var stefna ríkisins í

mannauðsmálum, starfsmannalögin, erfið starfsmannamál, leiðtoga- og samskiptahæfni, árangursmiðuð stjórnun, samskipti ráðuneyta og stofnana, sameiningar stofnana, innkaup og samningar, gervigreind í opinberri þjónustu, Stafrænt Ísland og þjónusta Fjársýslu ríkisins við forstöðumenn og stofnanir þeirra. Fundirnir voru haldnir í húsnaði Skattsins en einnig var boðið upp á útsendingu frá flestum fundunum á teams.

c) **Jólafundur FFR.** Jólafundur félagsins var haldinn í hádeginu miðvikudaginn 17. desember síðastliðinn í Vox Club salnum á Hilton Reykjavík Nordica. Gestir fundarins voru rithöfundarnir Katrín Jakobsdóttir og Ragnar Jónasson sem lásu úr bók sinni *Franski spítalinn*.

d) **Félagsfundur á teams um launaþróun forstöðumanna.** Boðað var til félagsfundar á teams fimmtudaginn 5. febrúar síðastliðinn. Benedikt Jóhannesson stærðfræðingur hjá Talnakönnun hf kom á fundinn og kynnti niðurstöður skýrslu um launaþróun forstöðumanna. Sjá nánar lið g) á bls. 7 hér að framan.

3.3. Samstarf FFR við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ.

Framhald var á samstarfi FFR og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála og voru tveir morgunfundir haldnir á liðnum vetri.

a) **Morgunfundur um óvægna umræðu og áreitni við opinberra starfsmenn.** Fimmtudaginn 6. nóvember síðastliðinn var haldinn morgunverðarfundur á Grand Hótel í Reykjavík um óvægna umræðu og áreitni við opinberra starfsmenn. Á fundinum kynnti Þóra Bjarnadóttir, lögfræðingur hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og MPA í opinberri stjórnsýslu, niðurstöður rannsóknar sinnar á upplifun opinberra starfsmanna af óvæginni umræðu og áreitni í þeirra garð. Einnig fjallaði Jón Gunnar Ólafsson, lektor við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands, um samskipti í breyttum heimi og um aukna skautun og hörku í umræðu á netinu, meðal annars í tengslum við stjórn mála. Afar þörf umræða og ljóst að þörf er á áframhaldandi umræðu.

b) Morgunverðarfundur um afnám áminningarskyldunnar. Fimmtudaginn 16. apríl síðastliðinn var haldinn morgunverðarfundur á Reykjavík Natura um afnám áminningarskyldunnar. Á fundinum fjallaði Daði Már Kristófersson, fjármála- og efnahagsráðherra, um hagræðingu í ríkisrekstri og frumvarp um breytingar á starfsmannalögum, en m.a. er áformað að afnema áminningarskyldu sem undanfara uppsagnar eða lausnar um stundarsakir. Viðbrögð við ávarpi ráðherra veittu þær Kolbrún Halldórsdóttir, formaður BHM og Sigríður Kristinsdóttir, sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu og formaður FFR. Fjörugar umræður voru í enda fundarins og ljóst að sitt sýnist hverjum um fyrirhugaðar breytingar.

4. Skrifstofa félagsins

Félagið leigir skrifstofu með aðgangi að fundarsal í Guðrúnartúni 1 í Reykjavík. Framkvæmdastjóri félagsins er Anna Hermannsdóttir og er hún í hálfu starfi. Félagið heldur úti vefsíðu, www.ffr.is, þar sem finna má almennar upplýsingar um starfsemi félagsins.

5. Lokaorð

Sem fyrr er það nokkur áskorun að virkja félagsmenn til þátttöku í félagsstarfinu. Maður er manns gaman og leggur stjórn áherslu á mikilvægi þess að efla kynni og auka tengsl meðal félagsmanna. Fráfarandi stjórn bindur traust sitt við að svo verði áfram og félagsmenn sjái sér hag í því að taka þátt í félagsstarfinu. Miklu skiptir að félagsmenn séu virkir í samtalinu um ýmis málefni sem geta varðað miklu um réttarstöðu forstöðumanna og þannig stuðlað að þéttari og öflugri rödd félagsins. Virk þátttaka félagsmanna eflir starf stjórnarinnar. Framundan eru mikilvæg verkefni á vettvangi félagsins og mikilvægt að öflug umræða eigi sér stað innan þess. Stjórn félagsins mun beita sér fyrir því að stuðla að virkri umræðu hér eftir sem hingað til.

Fjárhagur félagsins er góður eins og ársreikningur sýnir, en verkefni eru ærin og mun sjóður félagsins án efa koma að góðum notum í þeim framtíðarverkefnum sem liggja fyrir hjá félaginu.

Þeir sem starfa í stjórn og nefndum félagsins eru forstöðumenn sem allir eru reiðubúnir til að leggja á sig töluverða vinnu til hagsbóta fyrir félagsmenn. Ég vil þakka þeim fyrir gott og óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Fyrir hönd stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana

Sigríður Kristinsdóttir, formaður